

ERINDISBRÉF

Ráðgjafateymi vegna áfalla í Hafnarfirði. 2020-2023

Skipan Ráðgjafateymis vegna áfalla :

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, ábyrgðarmaður.

Fulltrúi heilsugæslu, Heilsugæslan Fjörður og Heilsugæslan Sólvangur.

Fulltrúi trúfélags, Frikirkjan í Hafnarfirði og Ástjarnarkirkja

Áfallahjálpar er sérhæfð þjónusta við fólk sem verður fyrir áföllum og byggir á viðurkenndum aðferðum til að bregðast við bráðum áfallastreituviðbrögðum og beinist að því að draga úr uppnámi og stuðla þannig að betri aðlögun eftir áfallið. Áfallahjálpar er afmörkuð, tímabundin og með áherslu á forvarnir og mat á þörf fyrir frekari eftirfylgd og tekur mið af þroska, aldri og mismunandi menningarheimum.

Hugtakið áfall er hér notað yfir hættu sem ógnar lífi, limum eða viðurværi fólks sem og reynslu þeirra sem verða vitni að ofbeldi, líkamsáverkum eða dauða. Áfallahjálpar í skipulagi almanna- og trúfélags er veitt af fagfólki og sérþjálfuðum sjálfböðaliðum¹.

Ráðgjafateymi vegna áfalla starfar samkvæmt núgildandi Samkomulagi um áfallahjálpar í skipulagi almanna- og trúfélags² og stuðlar að því að besta þekking og úrlausnir á sviði áfallahjálpar séu til staðar í sveitarfélaginu á hverjum tíma.

Helstu verkefni Ráðgjafateymis vegna áfalla:

- Samhæfa og samræma útfærslu verkefna áfallahjálpar í sveitarfélaginu með því að vera í tengslum við yfirvöld og stofnanir sem tengjast áfallahjálpar.
- Vera ráðgefandi fyrir yfirvöld og stofnanir á viðkomandi svæði á öllum tímum.
- Veita fræðslu um sálræn eftirköst og hvernig best er að takast á við þau innan sveitarfélagsins.
- Að vinna í nánú samstarfi með neyðarstjórn sveitarfélagsins.
- Að fylgjast með og aðstoða við að eftirfylgd sálræns stuðnings verði tryggð. Úfærð áætlun um yfirfærslu áfallahjálpar frá Rauða krossinum til annarra aðila í sveitarfélaginu þegar neyðaraðgerðum lýkur eða eftir því sem aðgerðum vindur fram. Þetta gerir áfallahjálparteymið í samstarfi við Samráðshóp áfallahjálpar á höfuðborgarsvæðinu.
- Hafa yfirsýn yfir hvernig staðið er að skipulagi á stuðningi við aðstandendur látinna. Þetta er gert í samráði við stjórnvöld/sveitarstjórn og trúfélag.
- Skrá útköll og aðgerðir.
- Skrifa stutta skýrslu í lok aðgerða og uppfæra verkferla og gátlista ef við á.

Ráðgjafateymið getur leitað til Samráðshóps áfallahjálpar höfuðborgarsvæðisins, SST og/eða Rauða krossins um fræðslu/námskeið um áföll, afleiðingar þeirra og hvernig best sé að takast á við þau.

¹ Þessa skilgreiningu og útlitun á áfallahjálpar er að finna í Samkomulagi um áfallahjálpar í skipulagi almanna- og trúfélags á Íslandi 2018-2022.

² Sjá Samkomulag um áfallahjálpar í skipulagi almanna- og trúfélags á Íslandi á eftirfarandi slóð: <https://www.almannavarnir.is/frettir/samkomulag-um-afallahjalp-i-skipulagi-almannavarna-a-islandi/>

Skipan Ráðgjafateymis vegna áfalla:

- Hildur Arnar Kristjánsdóttir, verkefnastjóri
- Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri, (varamaður verkefnisstjóra)
- Eiríkur Þorvarðarson, sálfræðingur mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar
- Haukur Haraldsson, sálfræðingur fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar
- Thelma Björk Árnadóttir, fagstjóri hjúkrunar Heilsugæslunni Firði
- Sigríður Kristín Helgadóttir, prestur í Fríkirkjunni í Hafnarfirði

Varamenn:

Arnór Bjarki Blomsterberg, prestur Ástjarnarkirkju
Heiða Davíðsdóttir, fagstjóri hjúkrunar Heilsugæslunni Sólvangi

Starfsmaður:

Hildur Arnar Kristjánsdóttir, verkefnastjóri

Helstu samstarfsaðilar

Unnið er með Samráðshópi áfallahjálpar á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossinum á Íslandi, neyðarstjórnnum sveitarfélaga, ásamt hlutaðeigandi stofnunum og aðilum innan og utan sveitarfélags.

Starfstímabil:

Ráðgjafateymi vegna áfalla í Hafnarfirði starfar á tímabilinu 2020-2023.

Hafnarfjörður, 01.07.2020

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir